

## LOKAÐ MEÐ BÓKUN

Málnr.: **16-051F011**

Dags: **21. maí 2016**

Staður: **Reykjavíkflugvöllur**

Lýsing: **Hjól fóru upp í landingarbruni**

Flugmaður á TF-BCX, sem er af gerðinni Yak 52, kom leið fjögur inn til landingar á flugbraut 01 á Reykjavíkflugvelli. Flugvélin er með uppdraganleg hjól.



Þegar flugmaðurinn var að nálgast flugvöllinn var óskað eftir því af flugturni að hann myndi flýta aðflugi eins og kostur væri. Flugmaðurinn náði við það ekki að framkvæma hefðbundið ferli í aðfluginu en setti hjólin niður skömmu fyrir landingu. Hann veitti því ekki athygli hvort gaumljós gæfu til kynna að hjólin væru í læstri stöðu. Í landingarbruninu fóru hjólin upp.

Vettvangsrannsókn benti til þess að hjólin hefðu ekki verið komin í læsta stöðu þegar flugvélin lenti. Flugvélinni var lyft upp og landingarbúnaður settur alla leið í læsta stöðu og fóru hjólin þá eðlilega niður.

Að sögn flugmannsins telur hann að rétt hefði verið að fara í fráhrarfsflug þar sem aðflug og landing var ekki með eðlilegum hætti. RNSA tekur undir það og bendir flugmönnum á að fara í fráhrarfsflug ef aðflug og landing eru ekki undirbúin sem skyldi.

Rannsóknarnefnd samgönguslysa lokaði málinu með bókun þann 31. desember 2016.